



# 150 Brunatrygging húseigna

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### Almennir skilmálar fyrir brunatryggingar húseigna,

sbr. (samanber) lög nr. (númer) 48/1994 um brunatryggingar með síðari breytingum og reglugerð nr. 809/2000 um lögboðna brunatryggingu húseigna.

Um váttrygginguna gilda lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, ef eigi leiðir annað af skilmálum þessum eða öðrum ákvæðum váttryggingarsamnings.

### 1. Hið váttryggða.

1.1 Váttryggingin tekur til húseignar þeirrar, sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ásamt venjubundnu fylgifé hennar, sem fellur undir brunabótamat eignarinnar í samræmi við matsreglur Þjóðskrár Íslands á hverjum tíma. Váttryggingin tekur m.a. (meðal annars) til eftirfarandi atriða, enda hafi verið tekið tillit til þeirra í brunabótamati eignarinnar:

- a. fastra innréttinga, s.s. (svo sem) fastra stóla, bekkja og lyftu,
- b. allra varanlegra lagna, s.s. vatns-, hita-, loftræsti-, skólp-, raf-, síma- og tölvulagna, að því marki sem slíkar lagnir geti talist fylgifé viðkomandi húseignar,
- c. venjubundins fylgifyrjar íbúða, s.s. eldavéla, eimháfa, útvarps- og sjónvarpsloftneta (þó ekki gervihnattadiska), fasttengds búnaðar, t.d. (til dæmis) eldvarnar- og innbrotavarnarbúnaðar, fasttengdra lampa í eldhúsum, þvottahúsum, baðherbergjum og snyrtingum og ljósa sem innfelld eru í loft eða klæðningar,
- d. einnig til gólfefna sem hafa verið tilsniðin fyrir húseignina og varanlega fyrir komið í henni, ásamt gluggatjaldaköppum og festingum fyrir gluggatjöld,
- e. botnplatna og undirstaða ásamt fyllingu, einangrun og lögnum í grunni allt að 1.2 m (metrar) niður fyrir efri brún botnplötu,
- f. skjólveggja og annarra mannvirkja, s.s. sólpalla, sem eru tengd við hús og koma fram á samþykktum uppdráttum, og, hafi mannvirki þessi verið reist síðar en húseignin, skal bygging þeirra hafa verið tilkynnt félaginu og endurmats hafa verið óskað, sbr. gr. (grein) 7.4,
- g. kostnaðar við að hreinsa húseign og ryðja burt brunarústum.

### 2. Váttryggingarstaður.

2.1 Váttryggingin gildir aðeins á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 3. Tjónsorsakir sem váttryggingin nær til.

3.1 Váttryggingin tekur til tjóns á hinu váttryggða af þeim orsökum og með þeim undantekningum sem getið er hér á eftir í 2. til 11. mgr. (málsgrein):

#### 3.2 Eldsvoði.

Tjón af völdum eldsvoða.

3.3 Ekki bætist tjón af eldi, er eigi verður talinn eldsvoði, s.s. tjón á munum sem verða fyrir eldi eða hita við upphitun, suðu, þurrkun, reykingu eða þess háttar og brenna af þeirri ástæðu eða skemmast.

3.4 Ekki bætast tjón á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum, er orsakast af spennubreytingu, ofhitun, skammhlaupi eða öðru hreinu rafmagnsfyrirbrigði og spani frá rafmögnum óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða.

#### 3.5 Elding.

Tjón af völdum eldingar, þótt eigi verði íkveikja.

#### 3.6 Sprengingar.

Tjón sem orsakast af sprengingu í gufukatli til upphitunar húss. Einnig tjón af völdum gassprengingar vegna eldunar- og suðutækja og gaslagna til upphitunar húsa. Tjón af völdum annars konar sprengingar bætist ekki.

3.7 Ekki bætist sá hlutur, vél eða ketill, sem sprengingin verður í.

#### 3.8 Sótfall.

Tjón af völdum sótfalls, sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki, eldstæði eða blásara.

3.9 Ekki bætist tjón af sóti eða reyk sem orðið hefur smám saman við notkun, s.s. sót frá reykháfi eða kertum.



# 150 Brunatrygging húseigna

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 3.10 Tjón af völdum loftfars.

Tjón af völdum loftfars og hluts, sem frá því fellur, enda fáist tjónið ekki bætt úr öðrum vátryggingum.

### 3.11 Slökkvi- og björgunaraðgerðir.

Tjón af völdum slökkvi- og björgunaraðgerða, niðurrifs eða annarra réttmætra aðgerða til að afstýra eða draga úr tjóni.

## 4. Undanskildar áhættur. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

### 4.1 Vátryggingin bætir ekki:

- óbeint tjón sem kann að leiða af bótaskyldum tjónsatburðum, s.s. rekstrartap, töf á framleiðslu eða afhendingu vöru, missir húsaleigutekna o.þ.h. (og þess háttar),
- tjón sem beint eða óbeint er af völdum kjarnorku t.d. kjarnasprengingar, kjarnabruna, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangs eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
- tjón sem beint eða óbeint er af völdum jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara,
- kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjónsatburðar, sbr. þó g. lið gr. 1.1.

4.2 Valdi vátryggður, maki sem er samvistum við hann, eða annar sá aðili sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi einhver þessara aðila valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

## 5. Upphaf ábyrgðar félagsins.

### 5.1 Hús í smíðum

Vátrygging á húsi í byggingu, hvort sem um nýbyggingu er að ræða eða viðbyggingu við eldra hús, hefst um leið og eigandi eða forsvarsmaður eignarinnar hefur afhent félaginu undirritaða beiðni þar um.

5.2 Fullbyggt hús og hús sem tekið hefur verið í notkun.

Vátrygging fullbyggðs húss eða húss, sem tekið hefur verið í notkun, gengur í gildi þegar vátryggingafélagið, einhver á vegum þess eða Þjóðskrá Íslands hefur sannanlega tekið við vátryggingarbeiðni, enda liggur fyrir brunabótamat eignarinnar eða beiðni um framkvæmd brunabótamats. Sama á við um gildistöku endurmats.

## 6. Viðbygging og endurbætur.

6.1 Vátryggingartaka er skylt að tilkynna félaginu um viðbyggingu, endurbætur eða aðra verðaukningu húss, er orðið hefur eftir að það var síðast metið til brunabóta. Vanræki vátryggingartaki þessa skyldu, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mismun þeim sem er á vátryggingarfjárhæðinni og verðmæti hins vátryggða.

## 7. Vátryggingarfjárhæð.

### 7.1 Hús í smíðum

Vátryggingarfjárhæð húss í smíðum fer eftir samkomulagi vátryggingartaka og félagsins.

### 7.2 Fullbyggt hús og hús sem tekið hefur verið í notkun.

Vátryggingartaka er skylt að óska eftir framkvæmd brunabótamats eigi síðar en fjórum vikum eftir að nýtt hús er tekið í notkun eða smíði þess er lokið. Vátryggingarfjárhæð er matsfjárhæð þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar, sem eyðilagst geta af eldi, og miðast við byggingarkostnað hennar að frádregnum afskriftum vegna aldurs, slits, viðhalds og ástands eignarinnar að öðru leyti. Með byggingarkostnaði er átt við eðlilegan kostnað við byggingu viðkomandi húseignar samkvæmt matsreglu Fasteignamats ríkisins. Miða ber við þær byggingaraðferðir og byggingarefni sem tíðkast á virðingardegi.

### 7.3 Breyting á verðmæti.

Hafi húseign verið stækkuð eða endurbætt umfram venjulegt viðhald, skal vátryggingartaki láta meta hana að nýju, og eigi síðar en fjórum vikum eftir að stækkun eða endurbótum lauk. Vátryggingartaka ber einnig að óska endurmats húseignarinnar telji hann vátryggingarfjárhæðina ekki í samræmi við raunvirði hússins með tilliti til byggingarkostnaðar, gerðar, aldurs og ástands.



# 150 Brunatrygging húseigna

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 7.4 Endurmat.

Vátryggingartaka er heimilt að óska eftir nýju brunabótamati á húseigninni hvenær sem er, enda fer matið fram á kostnað hans. Sé ágreiningur milli félagsins og vátryggingartaka um fjárhæð brunabótamats getur félagið einnig óskað endurmats. Það mat er á kostnað félagsins, sé fyrra matið staðfest.

### 7.5 Breytingar á vátryggingarfjárhæð.

Vátryggingarfjárhæð breytist árlega skv. ákvörðun Þjóðskrár Íslands vegna breytinga sem orðið hafa á byggingarkostnaði hinna ýmsu tegunda húseigna næstliðið ár að teknu tilliti til útreiknaðra eða áætlaðra afskrifta vegna sama tímabils. Vátryggingarfjárhæð breytist jafnframt mánaðarlega í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar útgefinni af Hagstofu Íslands.

## 8. Vátryggingartímabil.

8.1 Ef ekki er á annan veg samið, gildir vátryggingin til næsta árlegs gjalddaga kl. (klukkan) 00, og framlengist um eitt ár í senn, nema henni sé sagt upp samkvæmt 10. gr.

## 9. Iðgjald.

9.1 Iðgjald greiðist fyrirfram, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn. Félagið krefur vátryggingartaka um greiðslu iðgjalds með því að senda gíróseðil eða aðra greiðsluáskorun til þess heimilisfangs, sem vátryggingartaki hefur tilkynnt félaginu. Í áskoruninni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem áskorunin er send.

9.2 Iðgjald vátryggingar er reiknað eftir iðgjaldaskrá félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að ákveða endurnýjunargjald skv. (samkvæmt) nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, verðlagsþróun eða öðrum orsökum, sem raska bótagrundvellingum. Slíkar breytingar veita hvorki vátryggingartaka né félaginu rétt til uppsagnar.

9.3 Iðgjöld hvíla sem lögveð á vátryggðri húseign og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á henni hvíla nema sköttum til ríkissjóðs. Séu iðgjöld eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að krefjast nauðungarsölu á hinni vátryggðu eign án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

9.4 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

## 10. Uppsögn.

10.1 Félagi er óheimilt að segja vátryggingunni upp vegna vanskila á iðgjaldi.

10.2 Vilji vátryggingartaki segja vátryggingunni upp ber honum að tilkynna félaginu það skriflega innan mánaðar frá því félagið sendi honum tilkynningu um greiðslu iðgjalds skv. gr. 9.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka vátryggingartímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins. Uppsögn er ekki gild nema henni fylgi staðfesting þess efnis, að húseigandi hafi stofnað til nýrrar vátryggingar hjá öðru vátryggingafélagi.

10.3 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar til um reksturinn sem greinir í 3. málslíð 2. mgr. getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félagsins.

## 11. Tilkynning um tjón og ráðstafanir til varnar tjóni.

11.1 Hafi tjón orðið sem félaginu er talið skylt að bæta, skal sá er fyrir tjóni varð, tilkynna það félaginu eða umboðsmanni þess þegar í stað. Þá hvílir á honum sú skylda að gera það sem í hans valdi stendur til að verja gegn frekara tjóni húshluti, muni eða önnur verðmæti sem bjargað hefur verið, jafnt skemmdum sem óskemmdum, þar til menn á vegum félagsins geta skoðað skemmdirnar. Vanræksla á skyldum vátryggðs í þessu efni getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum um vátryggingarsamninga.

# 150 Brunatrygging húseigna

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 12. Virðing tjóns.

- 12.1 Matsmenn á vegum félagsins meta tjón og ber félaginu að hlutast til um að virðing fari fram svo fljótt sem verða má. Skulu helstu liðir virðingarinnar sérgreindir.
- 12.2 Skylt er tjónþola að veita þær upplýsingar, sem hann getur, um tjón og orsök þess og að leggja fram bækur, reikninga, áætlanir, uppdrætti og annað sem verið getur til leiðbeiningar við virðinguna.
- 12.3 Ef gerðar hafa verið breytingar eða viðbætur sem auka verðmæti hinnar váttryggðu eignar, eftir að hún hefur verið tryggt hjá félaginu og þessa verðmætisauka hefur ekki verið mætt með aukinni váttryggingu, skal þessu nýja verðmæti haldið utan við ákvörðun brunabótanna.
- 12.4 Eyðileggist húseign algerlega, skulu matsmenn kanna hvort váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við raunverulegt verðmæti eignarinnar á tjónsdegi.
- 12.5 Meta skal viðgerðarkostnað á hinu váttryggða þannig að dreginn sé frá mismunur milli gamals og nýs, jafnframt sem miða skal við þær byggingaraðferðir og byggingarefni sem tíðkaðist er váttryggingaratburðurinn varð. Bætur skulu reiknaðar á verðlagi eins og það var á tjónsdegi.
- 12.6 Við ákvörðun bóta skal ekki reikna með aukakostnaði vegna byggingarefnis og byggingaraðferða sem eigi teljast lengur hagkvæm.
- 12.7 Hafi verið ákveðið að rífa hús eða ástand þess var með þeim hætti að niðurrif var óhjákvæmilegt, áður en váttryggingaratburðurinn varð, skal miða bótafjárhæð við verðmæti hússins til niðurrifs.
- 12.8 Tjónþola er óheimilt að raska vettvangi fyrr en matsmenn félagsins hafa metið tjónið.

### 13. Uppgjör tjóns.

- 13.1 Váttryggingarbótum skal varið til að gera við hús, sem skemmst hefur eða til að byggja það upp að nýju. Bætur falla eigi í gjalddaga fyrr en viðgerð eða endurbygging hefur farið fram. Nú hefur viðgerð farið fram að hluta og á þá váttryggður rétt á greiðslu á viðgerðarkostnaði, sem þegar er fallinn, sbr. ákvæði í 48. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Engar bætur verða þó greiddar fyrr en að lokinni opinberri rannsókn vegna tjónsatburðarins eða, hafi sakamál verið höfðað, að gengnum fullnaðardómi. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. váttryggingarsamningalaga.
- 13.2 Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld gegn því skilyrði að 15% dragist frá bótafjárhæðinni. Frádrætti þessum skal þó ekki beitt, ef endurbygging er ekki heimil af skipulagsástæðum eða öðrum ástæðum sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.
- 13.3 Hafi ákvörðun verið tekin um að veita undanþágu frá byggingarskyldu og telji félagið brunabótamat húseignar greinilega hærra en markaðsverð húseignarinnar, er félaginu heimilt að miða bótafjárhæð við markaðsverð viðkomandi húseignar að lóð meðtalinni.
- 13.4 Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar, t.d talið hann sem innskatt skv. lögum um virðisaukaskatt, eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttryggða í kjölfar tjóns, skulu bætur lækka sem því nemur.

### 14. Úrlausn ágreinings um brunabótamat eða bótafjárhæð.

- 14.1 Rísi ágreiningur milli félagsins og váttryggingartaka um fjárhæð brunabótamats fer um endurmat skv. gr. 7.4. Vilji félagið eða váttryggingartaki ekki una niðurstöðu endurmats Þjóðskrár Íslands er heimilt að vísa ágreiningi þar um til yfirfasteignamatnefndar. Fyrir kostnað við úrskurð nefndarinnar skal greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra váttryggingamála setur. Kostnað við úrskurð ber sá sem úrskurður gengur á móti.
- 14.2 Hafi tjón orðið og ágreiningur er um bótafjárhæð skv. gr. 13.2 og 13.3 má skjóta málinu til gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður tveimur mönnum, er héraðsdómur í umdæmi því, sem húseign er í, tilnefnir hverju sinni. Greiða skal kostnað vegna gerðardóms samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra váttryggingamála setur. Kostnaðinn ber að jafnaði sá, sem gerð gengur á móti.

### 15. Lagafyrirmæli og varúðarreglur.

- 15.1 Váttryggingartaka ber að sjá um, að allur umbúnaður á og við hina váttryggðu eign sé í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum svo og varúðarreglur, sem tryggingarskilmálum fylgja, allt eftir því, sem á við á hverjum stað.



# 150 Brunatrygging húseigna

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 15.2 Ef tjón verður á hinu vátryggða og umbúnaði hefur verið áfátt að einhverju leyti og í trássi við ofangreind fyriræli, þá á vátryggingartaki aðeins kröfu á hendur félaginu, þegar og að svo miklu leyti sem telja má sannað af hans hálfu, að það hafi eigi verið að kenna vanrækslu á því, að reglum og fyrirælum væri fylgt, að vátryggingaratburðurinn gerðist eða hve víðtækar afleiðingar hans urðu.
- 15.3 Komi fram athugasemdir frá fulltrúa félagsins eða opinberum eftirlitsstofnunum, til dæmis Brunamálastofnun, Neytendastofu, eldvarnareftirliti eða byggingaryfirvöldum sveitarfélaga, um vanbúnað á húseign, sem ætla mætti að yki áhættu félagsins, er félaginu heimilt að hækka iðgjaldið, þar til úr hefur verið bætt.
- 16. Aukin áhætta.**
- 16.1 Allar breytingar á gerð húseignarinnar og notkun, er haft geta í för með sér aukna hættu á tjóni, skal tilkynna félaginu tafarlaust. Láti vátryggingartaki hjá líða að gefa slíka tilkynningu, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins takmarkist eða falli niður, sbr. ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 17. Tvítrygging.**
- 17.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur vátrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. laga nr. 30/2004.
- 18. Svik og rangar upplýsingar.**
- 18.1 Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga.
- 18.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.
- 19. Lög um vátryggingarsamninga, lausn ágreiningsmála o.fl. (og fleira).**
- 19.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 19.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 19.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.
- 19.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

# 150 Brunatrygging húseigna

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### SKILDAGAR.

#### Númer 1.

##### **Foktrygging.**

Vátrygging þessi bætir tjón á hinu vátryggða sem rekja má til óveðurs þegar vindhraði hefur náð 28,5 m/sek (metrar á sekúndu) eða meira.

Hafa skal til hliðsjónar skráðar heimildir Veðurstofu Íslands um veðurhæð þegar tjónið átti sér stað. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð skal hafa til hliðsjónar hvort illviðri hafi valdið öðrum skaða á sömu slóðum þegar tjónsatburðurinn varð.

Tjón af völdum sandfoks bætist ekki.

Eigin áhætta vátryggingartaka í hverju tjóni nemur fjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

#### Númer 2.

##### **Viðbótartrygging umfram brunabótamat.**

Úr vátryggingu þessari greiðast bætur allt að vátryggingarfjárhæðinni, þegar matsfjárhæð samkvæmt brunabótamati framkvæmdu af Þjóðskrá Íslands hrekkur ekki til greiðslu fullnaðarbóta úr lögboðinni brunatryggingu húseignarinnar.

Um vátryggingu samkvæmt skildaga þessum gilda, eftir því sem við á, framangreindir skilmálar brunatryggingar húseigna nr. 150.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.